



Námskrá Hamrar 2023-2024 Árgangur 2018

Símanúmer leikskólans er: 433-1260

Deildarstjórar á Hömrum

Berg: Jóhanna Ólöf Reynisdóttir

Gljúfur: Guðfinna Erla Jörundsdóttir

Klettur: Ella Þóra Jónsdóttir

Efnisyfirlit

Starfsfólk á Hömrum 2023 - 2024.....	4
Áhersluatriði skólaárið 2023-2024.....	5
Verkefni sem við ætlum m.a. að vinna í vetur	5
Dagskipulag.....	6
Akrasel	7
Læsi	7
Leikur og flæði	7
Lestur.....	8
Lubbi	8
Bókaormur vikunnar.....	8
Orðspor	9
Hljóm-2	9
Stærðfræði/rökhugsun	9
Umferðavika.....	10
Sjálfbærni	10
Umhverfismennt.....	10
Útivera/útikennsla	11
Ævintýraferðir	11
Matarsóun.....	12
Dósaflipar	12
Ræktun og uppskera	12
Lýðræði og mannréttindi	12
Lífsleikni	13
Vinátta	13
Sólblómaleikskóli.....	13
Heimsmarkmið	14
Gamli tíminn.....	14
Agi	14
Jafnrétti.....	14
Foreldrasamstarf.....	14
Brúum bilið.	15

Nemandi vikunnar	15
Dagur Íslenskrar tungu	16
Samstarf við aðra leikskóla	16
Bóna- og konudagur	16
Alþjóðavika	16
Vinavika	16
Heilbrigði og velferð	17
Heilsueflandi leikskóli.....	17
Jóga.....	17
Hreyfing	17
Útivera.....	18
Næring.....	18
Hvíld.....	18
Hreinlætisvenjur	19
Tannverndarvika.....	19
Ávaxtar- og grænmetisvika	19
Sköpun.....	19
Listsköpun	19
Vökudagaverkefni	19
Hrekkjavökuverkefni.....	19
Jólaverkstæði.....	20
Öskudagsverkefni.....	20
Hagnýtar upplýsingar	20
Fataherbergi.....	20
Veikindi.....	21
Leikföng að heiman.....	21
Nokkur atriði að lokum	21

Starfsfólk á Hömrum 2023 - 2024

Berg:

Deildarstjóri: Jóhanna Ólöf Reynisdóttir, leikskólakennari (100% starfshlutfall)

Aðrir starfsmenn á Bergi:

- Agnes Rós Sveinbjörnsdóttir, leiðbeinandi (75% starfshlutfall)
- Dellys Malaga, kennari (20% starfshlutfall)
- Heiðrún Ósk Magnúsdóttir, háskólamenntaður starfsmaður (100% starfshlutfall)
- María Kristín Óskarsdóttir, grunnskólakennari (60% starfshlutfall)
- Soffía Margrét Pétursdóttir, leikskólakennari og þroskaþjálfari (100% starfshlutfall)
- Sýlvía Kristinsdóttir, þroskaþjálfari (60% starfshlutfall)

Gljúfur:

Deildarstjóri: Guðfinna Erla Jörundsdóttir, leikskólakennari (100% starfshlutfall)

Aðrir starfsmenn á Gljúfri:

- Anikó Kolcár, leikskólakennari (100% starfshlutfall)
- Ásta Sæunn Ingólfssdóttir, þroskaþjálfari (80% starfshlutfall)
- Dellys Malaga, kennari (20% starfshlutfall)
- Helga Dóra Rúnarsdóttir, með B.ed í leikskólakennarafræði (100% starfshlutfall)
- Unnur Björg Kristjánsdóttir, leikskólakennari (100% starfshlutfall)

Klettur

Deildarstjóri: Ella Þóra Jónsdóttir, önnur háskólamenntun og mastersnámi í Menntunarfræði leikskóla (100% starfshlutfall)

Aðrir starfsmenn á Kletti:

- Bjarki Aron Sigurðsson, leiðbeinandi (100% starfshlutfall)
- Dellys Malaga, kennari (40% starfshlutfall)
- Gerður Helga Helgadóttir, leikskólakennari, (60% starfshlutfall)
- Stefanía Sól Sveinbjörnsdóttir, leikskólakennari, (80% starfshlutfall)
- Valborg Jónsdóttir, leikskólakennari (80% starfshlutfall)
- Telma Björk Helgadóttir, þroskaþjálfari, (70% starfshlutfall)

Á Hömrum eru 70 börn.
21 drengir og 14 stúlkur fædd 2018
18 drengir og 17 stúlkur fædd 2019

Áhersluatriði skólaárið 2023-2024

- Leikur
- Flæði
- Undirbúnigur fyrir grunnskóla
- Virðing og vinátta
- Efla sjálfsmynd og sjálfstæði
- Efla úthald og einbeitingu
- Efla samvinnu og félagsþroska
- Jóga
- Umhverfismennt
- Hreyfing
- Sköpun
- Lýðræðisleg vinnubrögð
- Efla sjálfbærni
- Vekja áhuga á læsi
- Vekja áhuga á stærðfræði
- Lífsleikniverkefni
- Umferðareglur
- Agi

Verkefni sem við ætlum m.a. að vinna í vetur

- Brúum bilið skólaverkefni
- Hljóm-2
- Nemandi vikunnar
- Bókaormur vikunnar
- Markviss málörvun- Lubbi, bókaormur, orðspor ofl
- Jóga
- Myndsköpun
- Útikennsla/ævintýraferðir
- Stærðfræði- numicon, einingakubbar ofl
- Lífsleikni – vinátta
- Sólblómaverkefnið
- Heimsmarkmiðin
- Alþjóðavika
- Vökudagaverkefni
- Hrekkjavökuverkefni
- Jólaverkstæði
- Þorrinn- gamli tíminn
- Tannverndarvika
- Öskudagsbúningagerð
- Bóndadagsverkefni
- Konudagsverkefni
- Umferðavika
- Ávaxta og grænmetisvika
- Ræktun og uppskera
- Dósaflípaverkefnið

Dagskipulag

Við leggjum mikla áherslu á vellíðan og gleði í leik og starfi. Í dagskipulaginu okkar höfum við áætlað rúman tíma í flest, þannig að við leggjum ekki undir þeirri pressu að börnin geti ekki klárað leikinn sinn. Dagskipulagið er viðmið sem við vinnum út frá með sveigjanleika eins og leikskólalífið er. Í leikskólastarfinu geta tímasetningar riðlast vegna ólíkra verkefna, úthald barna og vegna annarra óviðráðanlegra aðstæðna.

Barnið og þarfir þess eru ávallt í brennidepli.

Kl 7.30	Leikskólinn opnar
Kl 7.45	Deildin opnar
Kl 8.00	Morgunverður/frjáls leikur
Kl 9.00	Samvera og ávaxtastund
Kl 9.30	Verkefni dagsins
Kl 11.15	Samvera
Kl 11.30	Hádegisverður
Kl 12.00	Hvíld
Kl 12.30	Útivera
Kl 14.30	Nónhressing
Kl 15.00	Lestur
Kl 15.30	Frjáls leikur/útivera
Kl 16.15	Deildar sameinast
Kl 16.30	Leikskólinn lokar

Verkefni dagsins:

Mánudagur

Gönguferð/leikur /jóga

Þriðjudagur

Gönguferð/leikur /jóga

Miðvikudagur

Ævintýraferðir / leikur/ Lubbi / myndlist /stærðfræði

Fimmtudagur

Ævintýraferðir / leikur/ Lubbi / myndlist /stærðfræði

Föstudagur

Ævintýraferðir / leikur/ Lubbi / myndlist /stærðfræði

Akrasel

Menntastefna Akrasels er byggð á eftirfarandi grunnþáttum. Þessir þættir eru samofnir öllu starfi leikskólans og fléttast þeir yfirleitt saman og þar af leiðandi vinnum við yfirleitt með fleiri en einn grunnþátt í einu.

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Læsi

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða og er því félagslegt í eðli sínu. Í Akraseli nýtum við nærveru og samvinnu til að styrkja þekkingu, leikni, upplifun, tilfinningar og hæfni til að lesa í umhverfið sitt. Við vinnum markvisst með stærðfræði, orð, hljóð, lestur og gerum tilraunir með tölur, stafi og upplýsingatækni. Við leggjum áherslu á að börnin læri að lesa í umhverfið sitt og aðstæður. Að þau setji sjálfum sér mörk og virði þau mörk sem aðrir setja. Þegar börnin upplifa þýðingu sína og mikilvægi í samskiptum skapast traust á milli þeirra. Markmið með læsi er að gera nemendur virka þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa úr umhverfinu og nýta þann miðil og þá tækni sem er fyrir hendi.

Leiðir til að efla læsi:

- Stafainnlögn-kynna stafrófið
- Markviss málörvun
- Vinna með hljóðkerfisvitund
- Auka orðforða og kenna ýmis hugtök
- Umræður
- Heimsóknir í bókasafnið
- Lestrarsamverur-sögugerð
- Tónlist og söngur

Leikur og flæði

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Við leggjum áherslu á að gefa leiknum tíma og leitumst við að skapa umhverfi og aðstæður þar sem börnin geta þróað leiki sína og komist í *flæði*. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Til þess að leikur teljist sjálfsprottinn verður hann að vera skapandi. Að vera í skapandi leik merkir að börnin ákveða hvernig leikurinn þróast, allt er mögulegt í leiknum og allar hugmyndir barnanna eiga rétt á sér í leiknum.

Í gegnum leikinn vinna börnin úr reynslu sinni, hugsunum og tilfinningum. Leikurinn er einnig námsleið og með því að bjóða upp á áhugavekjandi efnivið í leikinn er hægt að ýta undir tiltekna leiki og aðstoða við að örva áhugasvið barnanna. Þegar börn gleyma sér í leik og sökkva sér í viðfangefni er talað um að börn séu komin í *flæði*.

Hugmyndafræðin á bak við flæði er jákvæð líðan við skapandi viðfangsefni. Hlutverk hins fullorðna er að vera vel vakandi yfir hvaða verkefni/viðfangsefni vekja áhuga barna.

Starfsmaður þarf líka að vera tilbúinn að breyta út frá fyrir fram ákveðnum hugmyndum og verkefnum, grípa tækifæri sem upp koma. Til þess að tryggja börnum tækifæri til að komast í flæðisástand fær leikurinn gott rými í dagskipulaginu og leggjum við mikið upp úr því að börnin læri að una sér í leiknum. Í gegnum leikinn æfa börnin sig í að leysa úr ágreiningi og miðla málum.

Lestur

Við lesum alltaf einu sinni á dag. Lestrastundirnar er ekki bara upplestur heldur einnig leikur og spjall um innihald bókarinnar. Með því erum við að ýta undir áhuga barnanna á bókum og ævintýraheim þeirra ásamt því að auka orðaforða, skilning og frásagnarhæfni.

Lubbi

Námsefni Lubba eflir hljóðkerfisvitund barna. Lubba „verkefni“ eru fólgin í því að hjálpa Lubba að finna málbein. Lubbi er íslenskur fjárhundur. Hann er duglegur að gelta og þá heyrir „voff voff.“ Lubba langar mikið til að læra að tala og þarf hann því að læra öll íslensku máhljóðin. Hann veit að þegar hann hefur öll hljóðin þá mun losna um málbeinið. Þá mun hann geta leyst frá skjóðunni enda hefur Lubbi frá mörgu að segja. Til að ná því marki þarf hann að leysa ýmsar skemmtilegar þrautir í Hljóðasmiðju Lubba, t.d. að mynda máhljóðin alveg rétt og tengja þau saman, klappa atkvæði, ríma, leita uppi bókstafi, raða málbeinum saman í orð, lesa orðin og svara skemmtilegum spurningum. Hann þarf örugglega á aðstoð að halda.

Bókaormur vikunnar

Bækur eru bæði fræðandi og skemmtilegar og veita lesandanum innsýn í annan heim. Verkefnið bókaormur vikunnar fer þannig fram að nafn barns er dregið út og það barn fer heim með hálsmen/spjald sem á stendur „bókaormur vikunnar“. Á þessu spjaldi eru leiðbeiningar fyrir foreldra. Heima velja þau sér bók (helst ekki Disneybók) sem lesin er nokkrum sinnum heima með foreldrum sínum (gott er að lesa sömu söguna alveg 3x yfir vikuna). Þau koma svo með bókina í leikskólann. Barnið segir okkur svo frá innihaldi bókarinnar hér í leikskólanum og við lesum hana fyrir allan hópinn. Með þessu erum við að efla lestur, hlustun, orðaforða, málskilning, minni, hljóðkerfisvitund og læsi.

Gott að hafa í huga:

Veljið bók sem hentar aldri og þroska barnsins og passið að bókina sé ekki of löng.

Orðspor

Árið 2017 gaf Menntamálastofnun út Orðaforðalistann. Hann inniheldur hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu. Orðaforði er einn af grundvallarþáttum lesskilnings og mikilvæg undirstaða alls náms. Það hafa fjölmargar rannsóknir sýnt. Því meiri orðaforði, þeim mun betri lesskilningur. Þess vegna er nauðsynlegt að styðja við máltöku barna og leggja áherslu á orðaforða. Í Akraseli vinnum við með orðasafn mánaðarins. Búin hafa verið til fótspor „Orðspor“ sem á eru orð og mynd. Orðin sem við notum eru tekin úr orðaforðalistanum. Þau eru fest á gólfíð á ganginum þar sem þau eru sýnileg fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Hugmyndin með orðsporunum er að vekja upp umræður til að efla orðaforða barnanna þar sem þau vekja vonandi upp umræður um orðin. Börn sem heyra mörg orð, læra mörg orð.

Hljóm-2

Hljóm-2 próf lagt fyrir öll elstu börn leikskólans. Með Hljóm-2 er verið að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskóla. Hljóðkerfisvitund getur gefið okkur vísbendingar um lestrarerfiðleika. Það er lagt fyrir öll leikskólabörn að hausti á síðasta ári í leikskóla. Með hliðsjón af niðurstöðum prófsins er síðan unnið með þau atriði sem þörf er á að þjálfa sérstaklega hjá hverju barni. Niðurstöður fylgja börnunum upp í grunnskólann þar sem þær eru hafðar til hliðsjónar við skipulagningu lestrarnáms. Í Hljóm-2 eru lögð fyrir 7 atriði sem öll gefa vísbendingar um ákveðna áhættu. Þau skiptast í eftirfarandi flokka:

- Rím
- Samstöfur
- Samsett orð
- Hljóðgreining
- Margræð orð
- Orðhlutaeyðing
- Hljóðtenging

Stærðfræði/rökhugsun

Stærðfræðinám leikskólabarna einkennist af námi í gegnum leik sem er aðalnámsleið barna. Hlutverk okkar er að skipuleggja umhverfi sem býður upp á fjölbreytt viðfangsefni og veitir börnunum þ.a.l. tækifæri á að takast á við stærðfræðina. Stærðfræðin er allstaðar í kringum okkur og við þurfum einungis að koma auga á hana í daglegu lífi barnanna. Við örvum frjálsan leik þeirra og gefum þeim tækifæri til að auka skilning sinn á stærðfræði og skapa sér jákvætt viðhorf til hennar.

Í þessum stærðfræðistundum erum við vinna með:

- Talningu
- Alls konar spil
- Form

- Stærðir og magn
- Flokkun
- Hugtakaskilning
- Tölustafi
- Numicon
- Einingakubba

Numicon stærðfræðikubbar eru ensk stærðfræðinámsgögn og námsefni sem eru byggð á hugmyndum Montessori, Stern og Cuisenaire. Námsgögnin eru fjölskynja og gefa nemendum m.a. tækifæri á að sjá hvernig mynstur stærðfræðinnar lítur út, þekkja tölur sem heild, sjá gildi þeirra og finna út fjölda án þess að telja. Börnin tengja þannig saman með sjónrænum hætti viðfangsefni stærðfræðinnar. Allt þetta er gert til að efla grunnskilning og að nemendur fái jákvæðar forhugmyndir um stærðfræðina.

Einingakubbarnir eru í ákveðnum stærðfræðilegum hlutföllum og miðast allt kubbasafnið út frá grunnkubbum. Hönnun hans er í raun mjög sérstök þar sem öll hin kubbaformin ganga á einhvern hátt upp í hann. Kubbarnir eru frekar þungir sem gerir það að verkum að byggingar úr þeim eru stöðugar og því hægt að byggja nokkuð hátt.

Umferðavika

Að hausti er lögð megináhersla á notkun endurskinsmerkja og bílbelta. Við förum í gönguferðir og æfum okkur í umferðarreglum. Á vorin leggjum við að auki áherslu á hjólreiðar og notkun reiðhjólahljálma. Á hverju sumri höfum við hjóladaðag og þá fá allir á Hömrum að koma með hjólið sitt og hjálminn í leikskólann. Elstu börnin fara í hjólatúr.

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Í grænfánaleikskólanum Akraseli eru umhverfismennt, jarðgerð/molta og sjálfbær þróun hluti af markmiðum skólans. Börnin eru frædd um matarsóun, gagnrýna hugsun og hringrás náttúrunnar sem eru grundvöllur þess að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Við leggjum áherslu á uppgötvunarnám og gefum börnum kost á fjölbreytileika í leik og námi.

Umhverfismennt

Leikskólinn leggur mikla áherslu á umhverfismennt og endurvinnslu. Við erum grænfánaleikskóli sem hefur fengið grænfánann 6 sinnum. Markmið leikskólans eru að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar og upplifi af eigin raun og læri að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska. Umhverfismenntun samvinnast við endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem felst m.a. í flokkun og endurnýtingu. Við moltum alla kjöt-, fiski-, ávaxta-, grænmetis- og brauðúrgang. Við erum með tvenns konar moltun. Við notum annars vegar Reencle sem er heimajarðgerðarvél sem

breytir lífrænum úrgangi í lífrænan áburð. Hins vegar erum við með haugorma í kassa á hverri deild og þeir sjá um að breyta mat í mold.

Gott að vita:

Að við notum og nýtum alls konar efnivið sem fellur til heima! Það má gjarna koma með morgunkornskassa og jóгурtdósir á leikskólann.

Útivera/útikennsla

Við förum a.m.k. einu sinni út á dag, alltaf eftir hádegi og þegar það er ævintýra- eða gönguferðir fara börnin líka út fyrir hádegi. Eins ef veðrið er gott þá erum við úti eins mikið og við getum. Við förum í skipulagðar gönguferðir/ævintýraferðir einu sinni í viku. Útikennsla fer fram utan skólastofunnar og getur falið í sér margt í senn. Í henni er fjallað um viðfangsefnið á faglegan hátt en jafnframt er lögð áhersla á persónulega upplifun nemendanna og að þeim gefist tækifæri til að nota öll skilningarvitin við námið. Útikennslan höfðar til margra greindarþátta til dæmis umhverfis- og náttúrugreindar og ætti því að henta lang flestum nemendum. Markmið vettvangsnáms eru margvísleg. Stór þáttur í útinámi er að taka áhættu og takast á við ögrandi hreyfingar. Upplifun í náttúrunni er að geta fyllt vitin af fersku lofti, greina angan af gróðri og hlusta á hljóðin sem heyrast frá umhverfinu. Þannig kynnast nemendur náttúrunni og þeirri menningu og samfélagi sem þeir búa í. Einnig er aukin hreyfing barna mikilvæg, þar sem þau fá meira þol og betri hreyfifærni. Nemendur öðlast betri félagsfærni en í vettvangsferðum þurfa börnin að vera samferða og passa hvert upp á annað. Börnin læra um lýðræðisleg vinnubrögð, að eiga samskipti hvert við annað og taka ábyrgð.

Gott að muna:

Að börnin hafi meðferðis klæðnað og skófatnað sem hentar veðri hverju sinni. Betra að hafa meira en minna.

Ævintýraferðir

Hvert barn fer einu sinni í viku í ævintýraferð. Við förum alltaf á sama staðinn í skógræktinni þar sem við eigum smá afdrep. Þriðjungur deildarinnar fara í hverja ævintýraferð en í hverja ferð fer 1/3 af hverri deild á Hömrum. Þegar ekki er Lubbavíka þá fara tveir árgangar saman í skógræktina, þar fá börnin tækifæri til að kynnast og læra af hvert öðru. Áður en haldið er af stað í ferðirnar höldum við fund með hópnum sem fer, þar sem við förum yfir hvaða verkefni við ætlum að vinna og hvernig best sé að klæðast. Við leggjum svo af stað um kl 9.30. Í skógræktinni vinnum við að verkefni dagsins og síðan er gefinn góður tími í frjálsan leik. Frjálsi leikurinn er mikilvægur og sjáum við það margoft gerast að börnin halda áfram með leikinn síðan í síðustu viku. Mikil þróun á sér stað í leiknum hjá börnunum. Við borðum hádegisverð í skógræktinni sem við fáum sendann frá leikskólanum eða eldum sjálf á staðnum. Tekist er á við fjölbreytileg verkefni við raunverulegar aðstæður. Aukin einbeiting og ró eftir hressandi útiveru í fersku lofti og betri tengsl nemenda við viðfangsefnið vegna fjölbreyttari kennslu og námsaðferða eru einnig góðir kostir. Mikilvægt er að börnin hafi meðferðis klæðnað og skófatnað sem hentar veðri hverju sinni. Betra að hafa meira en minna.

Gott að vita:

ATH. Við leggjum af stað um 9.30. Ef barn er ekki komið áður en við leggjum af stað er hægt að hringja og biðja um staðsetningu og hitta okkur.

Matarsóun

Börnin skammta sér sjálf mat af hlaðborði inni á deild. Við hvetjum börnin til að fá sér lítið í einu á matardiskinn sinn en fá sér frekar oft. Við ræðum reglulega um matarsóun við þau. Einu sinni til tvisvar á ári er keppni á milli deilda um hver hendir minnst, þær vikur sem keppnin er þá vigtum við allan úrgang og skráum niður og svo gengur farandbikar á milli deilda og sú deild sem hendir minnst fær bikarinn í viku.

Dósaflipar

Á öllum drykkjadósum eru litlir flipar. Þessir litlu gaurar eru gerðir úr sterkri málmblöndu en sjálf dósinn og þá er hægt að nota í málmbræðslu. Í Danmörku hefur í nokkur ár verið safnað fyrir stoðtækjum handa fólki sem misst hefur útlími. Vert er að nefna að þó flipinn sé tekinn af dósinni fæst samt fullt skilagjald fyrir hana. Í Asíu og sérstaklega Taílandi er fátækt mikil og algengt er að fólk fái ekki lækniþjónustu vegna sykursýki og slöngubita. Það þýðir að margir verða fyrir því að missa útlími, fót eða fætur af þeim sökum.

- Í Asíu eru yfir 400.000 manns sem vantar á annað hvort annan fótinn eða báða.
- Yfir 50.000 manns hafa fengið gervifót úr þessu verkefni

Hér má lesa meira um þetta verkefni: <https://daaseringe.dk/>

Gott að vita:

Við getum hjálpað og það er ekkert mál!

Leyfið börnunum ykkar að koma með dósaflipa sem falla til á heimilinu og við í Akraseli munum koma þeim í réttar hendur

Ræktun og uppskera

Verkefni og tilraunir þar sem nemendur þjálfast í því að átta sig á fjölbreytileika plantna og nauðsynlegum skilyrðum svo þær geti vaxið og dafnað. Við setjum niður kartöflur og annað grænmeti á vorinn og uppskerum að hausti.

Lýðræði og mannréttindi

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Í Akraseli er unnið með samábyrgð, börn upplifa þýðingu sína og mikilvægi í samskiptum og á milli þeirra skapast umhyggja og traust. Mikilvægi þess að fá að upplifa það að kjósa og velja en við það eykst skilningur þeirra á lýðræðislegum ákvörðunum gefur hún nýja nálgun í námi barnanna. Foreldrasamstarf, frelsi, flæði og umhyggja leiða af sér félagshæfni og lífsleikni.

Lífsleikni

Börnin læra að:

- Skilja aðra og láta sér lynda við þá
- Nota félagslegan skilning til að leysa úr vanda
- Kunna að umgangast reiði og draga úr æsingi
- Ræða tilfinningar
- Æfa börn í að leysa úr vanda
- Kenna börnum aðferðir sem draga úr árásarhneigð

Unnið er með þrjá meginþætti:

- Upplifun
- Leysa úr vanda
- Sjálfstjórn

Vinátta

Vinátta er verkefni sem byggist á rannsóknum á einelti. Unnið er út frá ákveðinni hugmyndafræði og gildum en mikilvægt er að þau séu samofin öðru starfi þeirra leikskólans. Hugmyndafræði Vináttu er samþætt inn í allt námsefni Vináttu með raunhæfum verkefnum fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra.

Hugmyndafræðin endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

- Umburðalyndi
- Virðing
- Umhyggja
- Hugrekki.

Bangsinn Blær er tákmynd vináttunnar í verkefninu. Blæ fylgja litlir hjálparbangsar sem ætlaðir eru hverju barni sem tekur þátt í Vináttu. Blær og hjálparbangsarnir tákna traust og vináttu og er ætlað að minna börnin á að passa upp á aðra og að vera góður félagi allra. Allir á Hömrum hafa nú fengið sinn eigin Blæ sem þeir nota í hvíldinni. Þannig að ekki er þörf fyrir tuskudýr að heiman.

Sólblómaleikskóli

Elstu árgangar Akrasels, taka þátt í sólblómaverkefni SOS barnaþorpanna. Þá styrkjum við eitt ákveðið barn í SOS Barnaþorpi. Við styrkjum hann Moise sem er fæddur 16. nóvember árið 2009. Moise býr á barnaheimili á Fílabæisströndinni. Sett verður upp tafla á ganginum með mynd og upplýsingum um Moise og þar geta allir fylgst með honum og hversu miklum pening við erum búin að safna. Börnin búa til bauk sem þau fara svo reglulega með í bankann. Áhersla er lögð á að leikskólabörnin geti rætt um hvernig aðstæður SOS barnanna séu líkar/ólíkar þeirra eigin. Leikskólabörnin fræðast þannig um önnur lönd og aðra menningarheima og sjá hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lifnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja sjálf.

Heimsmarkmið

Akrasel er fyrsti UNESCO leikskólinn á Íslandi. UNESCO-verkefni auka fjölbreytni í kennsluáferðum og þekkingu nemenda á málefnum heimsmarkmiðanna. Verkefnin eru þverfagleg og passa vel inn í grunnþætti aðalnámskráa leikskóla. Elstu börn leikskólans fá kynningu á heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna.

Gamli tíminn

Eitt af hlutverkum leikskólans er að miðla menningararfinum til barnanna og leggja grunn að skilningi þeirra á einkennum okkar sem þjóð. „Að fortíð skal hyggja er framtíð skal byggja” segir máltækið og kennir okkur að hver og einn verður að þekkja fortíð sína til að skilja þann tíma sem hann lifir á hverju sinni og geta út frá því tekið stefnu á framtíðina. Í tengslum við þorran leggjum við áherslu á fræðslu, umfjöllun og viðburði sem tengjast lífinu á Íslandi í gamla daga.

Agi

Þar sem við erum að kenna börnunum að njóta sín í hóp barna er mikilvægt að börnin fari eftir ákveðnum samfélagslegum reglum. Þannig að ef að barn getur ekki farið eftir þeim reglum, eins og td ef þau meiða aðra, eru ókurteis eða taka reiðikast, þá tökum við börnin út úr hópnum þar sem við ræðum við þau og leyfum þeim að jafna sig. Þegar börnin eru tekin út úr hópnum er alltaf starfmaður með þeim.

Gott að vita:

Foreldrum er alltaf velkomið að koma og tala við deildastjóra ef þeir vilja fá ráðgjöf varðandi uppeldi og hvernig eigi að setja börnum mörk.

Jafnrétti

Öll börn ættu að fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Í Akraseli er nemendum búin jöfn skilyrði til náms. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar, snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðað nám, lífsleikni og samstarf heimilis og leikskóla. Allir eiga rétt á að rækta hæfileika sína, sama hvernig þeir eru eða hvaðan þeir koma. Við leggjum ríka áherslu á frjálsan leik þar sem við leitumst við að bjóða upp á fjölbreyttar leikaðstæður og efnivið til að allir fái notið sín. Þjóðlegar hefðir eru í hávegum hafðar. Akrasel tekur þátt í alþjóðlegum verkefnum eins og Comeniusar, Erasmus og nordplus samstarfi til eflingar fyrir fjölmenningu.

Foreldrasamstarf

Það er mikilvægt fyrir alla að gott samstarf sé á milli foreldra og leikskóla. Myndir, fréttir og tilkynningar fara reglulega inn á heimasíðu leikskólans akrasel.is. Foreldaviðtöl eru tvisvar á ári, að hausti þar sem farið er yfir líðan barnsins og að vori þar sem farið er yfir þroskamat og líðan. Foreldraviðtölin á haustin eru val foreldra. Það er alltaf hægt að biðja um fund til að ræða málin og svo er líka gott að hringja og tala við okkur. Við viljum endilega heyra meira frá ykkur en minna.

Einu sinni í mánuði setjum við fréttir og myndir inn á heimasíðuna okkar akrasel.is Persónuleg samskipti fara fram í gegn um völu.

Gott að muna:

Foreldrum er alltaf velkomið að koma og tala við deildastjóra og aðra kennara. Ef það er eitthvað sem ykkur finnst ábótavant eða eruð ánægð með viljum við gjarnan fá að heyra það.

Brúum bilið.

Akrasel á samstarf við bæði Grundaskóla og Brekkubæjarskóla. Báðir grunnskólar Akraneskaupstaðar bjóða upp á haust- og vorskóla. Þá fara börnin í sinn hverfisskóla. Heimsóknartímabilið er í þrjá daga hvora önn og um vorið endar samstarfið með „húllum-hæi“ þar sem leikskólabörn og fyrstu bekkingar gera sér glaðan dag. Að hausti er haldin skilafundur með grunnskólunum þar sem farið er yfir upplýsingar varðandi börnin sem eru að fara á milli skólastiga. Niðurstöður úr hljómprófi fylgja börnum upp í grunnskóla og einnig persónuupplýsingar um börn í leikskóla sem eru nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla.

„Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og [vinnslu] ¹⁾ persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólustjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess (lög um leikskóla nr.90/2008)“.

Markmið með samstarfinu Brúum bilið er að:

- tengja skólastigin saman
- skapa samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum tveimur skólastigum
- byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum
- stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli þessara skólastiga
- kynna börnunum fyrir grunnskólanum sínum

Nemandi vikunnar

Nemandi vikunnar er dreginn annan hvern föstudag. Nemandi vikunnar fær ýmisleg verkefni upp í hendurnar t.d er hann orma/moltustjóri, veðurfræðingur og öryggisvörður. Veðurfræðingurinn þarf að gá til veðurs og velta fyrir sér hvernig klæðnaður hentar í útiveru. Öryggisvörður fer í eftirlitsferð um leikskólann og athugar meðal annars að rafmagnsnotkun sé í hófi, ástand reykskynjara og að vatnsnotkun sé hófleg. Öryggisvörður fer með gátlista heim sem fara þarf yfir með foreldrum. Á þriðjudögum er viðtal við nemanda vikunnar.

Hérna koma viðtalsspurningarnar:

1. Hefur þú einhvern tímann orðið mjög reið(ur)?
2. Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?
3. Hefur þú einhverntíman hjálpað einhverjum
4. Ertu að safna einhverju?
5. Hvort finnst þér skemmtilegra að leika þér uti eða inni? Af hverju?
6. Hvvað finnst þér skemmtilegt að teikna?

7. Getur þú sagt mér frá einhverju sem þú ert góð(ur) í?
8. Hvað finnst þér erfitt að gera ?
9. Getur þú sagt mér frá vinum þínum
10. Ef þú værir dýr, hvaða dýr myndir þú vera? Af hverju?

Gott að vita:

Nemandi vikunnar á að vera skemmtileg og alls ekki kvöð á foreldrum.

Dagur Íslenskrar tungu

Daginn höldum við hátíðlegan ár hvert. Tveir elstu árgangar leikskólans halda tónleika fyrir foreldra sína ásamt því að vera með sölusýningu á verkum sínum. Ágóðinn af sölunni rennur í Sólblómaverkefni leikskólans.

Samstarf við aðra leikskóla

Við heimsækjum lóðir hinna leikskólanna reglulega yfir vetrartímamann og leikum þar. Á vorin hafa árgangarnir hist á einum leikskóla og leikið saman og haldið árgangamót.

Bónnda- og konudagur

Hefð hefur skapast fyrir því að stúlkurnar gleðja drengina á bóndadegi og þeir síðan endurgjalda það á konudegi. Bóndadagur og konudagur eru haldnir hátíðlegi í Akraseli með því að bjóða til morgunverðar.

Alþjóðavika

Í nútíma þjóðfélagi er mikilvægt að börnin kynnist fjölbreyttum menningarheimum og fjölskyldugerðum, hefðum þeirra og siðum. Við höldum alþjóðaviku á hverju hausti í Akraseli og tengjum hana við alþjóðadag friðar sem er haldinn 21. september ár hvert. Það er fjölbreytt hvernig unnið er í alþjóðaviku en við skoðum alltaf fánana og heimskortið. Ræðum um ólíka menningu og stundum höfum við verið svo heppinn að fá lestur á allskonar tungumálum. Í fjórðu grein heimsmarkmiðanna er kveðið á um mikilvægi menntunar og þar sem þetta er stórt og viðamikilt verkefni má segja að við séum allann veturinn að kynnast öðrum menningarheimum því við vinnum mikið með barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og með þeirri vinnu skapast meira rúm og tími til fróðleiks.

Vinavika

Þessa viku höldum við í tengslum við baráttudag gegn einelti. Ein deild af Lindum og ein deild af Hömrum vinna ýmiskonar verkefni saman þessa viku.

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Í Akraseli leggjum við áherslu á útinám, jóga og hollt mataræði. Stór þáttur í útinámi er að taka áhættur, takast á við ögrandi hreyfingu og rækta núvitund. Úti í náttúrunni fá börnin tækifæri til að fylla vitin af fersku lofti, greina angan af gróðri og hlusta á hljóðin sem heyrast frá umhverfinu. Jógaástandun með börnum miðar að því að þau viðhaldi meðfæddum liðleika, byggi upp styrk og auki sveiganleika, jafnvægi, einbeitingu og seiglu auk þess að stuðla að spennulosun og innri ró. Góð næring, svefn og hreinlæti skipta miklu máli fyrir líðan barna.

Heilsueflandi leikskóli

Leikskólinn Akrasel hóf þátttöku í verkefninu Heilsueflandi leikskóli á vegum Embættis Landlæknis árið 2019. Verkefninu er ætlað að styðja við markvissa vinnu leikskóla og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans, gera gott betra.

<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Jóga

Leikskólinn Akrasel leggur áherslu á jóga með börnum. Við vinnum með að flétta jógastarfið inn í okkar daglega starf. Samverustundirna kl. 09:00 byrja yfirleitt á möntru og svo er farið yfir dagskrá dagsins með börnunum. Í viku hverri verður opin Jógastöð í sal og þá geta börnin valið að fara í jóga. Þessar jógastöðvar verða í boði á mánudögum og þriðjudögum á milli kl. 09:30 og 11:00 í vetur. Hver jógastund er ca. 30 mínútur. Í þessum stundum fara börnin í jógaleiki, slökun og fá e.t.v. nudd frá hvert öðru. Með slíkri nánd skapast öryggi milli barnanna og því verða minni líkur á árekstrum á meðal þeirra. Jóga er alhliða lífsspeki sem stuðlar að samtengingu líkama og hugar. Jógaástandun með börnum miðar að því að þau viðhaldi meðfæddum liðleika, byggi upp styrk og auki sveigjanleika, jafnvægi, einbeitingu, auk þess að stuðla að spennulosun og innri ró. Æfingar eru fléttaðar inn í leiki og sögur eða þeim búin umgjörð sem börnunum þykir áhugaverð og skírskotar til reynsluheims þeirra. Þrír áhersluþættir eru í jóga:

- öndun
- snerting
- slökun

Gott að muna

Mikilvægt að börnin séu í fötum sem eru þægileg til að hreyfa sig í.

Hreyfing

Við hreyfum okkur mikið bæði utandyra og innan. Hreyfing er börnum nauðsynleg fyrir eðlilegan þroska, vöxt og andlega vellíðan. Mikilvægast er að börn hafi tækifæri til að stunda fjölbreytta hreyfingu sem þeim finnst skemmtileg og er í samræmi við færni þeirra og getu. Við hreyfingu verður til sameiginlegur leikur sem skapar m.a. tækifæri til að þjálfra hreyfifærni, styrkja



tengslamyndun, bæta líkamshreysti, eignast vini, auka félagslega færni og efla sjálfstraust. Í Akraseli er mikið lagt upp úr því að hafa hreyfinguna fjölbreytta og áhugaverða. Það gerum við með því að:

- fara í alls konar ævintýraferðir út fyrir malbikið og upplifum í leiðinni landslagið og náttúruna
- setja upp mismunandi þrautabrautir í salnum
- dansa við tónlist inná deildum og í sal
- fara í útiveru í garðinum
- stunda jóga
- fara í hreyfistundir í sal
- leika í frjálsum leik inná deild
- börnin klæði sig sjálf í og úr útifatnaði
- efla fínhyfifærni með fjölbreyttum verkefnum

Gott að muna:

Mikilvægt að börnin séu í fötum sem eru þægileg til að hreyfa sig í og einnig sem þau eiga auðvelt með að klæða sig í og úr sjálf.

Útivera

Það er útivera alla daga eftir hádegi. Þegar veðrið er gott reynum við að vera meira úti og oft endum við leikskóladaginn á útiveru. Þegar börnin fara í ævintýraferðir eða aðrar vettvangsferðir eru þær farnar fyrir hádegi þannig að þá daga fara börnin út tvívar á dag.

Næring

Góð næring skiptir miklu máli fyrir líðan barna og því er lögð áhersla á hollar neysluvenjur og góða samsetningu fæðunnar sem í boði er. Við leggjum áherslu á að kenna fallega borðsiði og að börnin læri að nota hnífapör, þá bæði hníf og gaffal. Börnin æfa sig í að skammta sér sjálf og ganga frá eftir matinn á matarvagninn. Í leikskólanum er lögð áhersla á fjölbreyttan og hollan mat, sem unninn er frá grunni. Enginn hvítur sykur er notaður í matseld. Í morgunmat er í boði ýmist hafragrautur eða AB mjólk ásamt weetabix einu sinni í viku. Misjafnt er hvað boðið er upp á sem meðlæti en það getur verið t.d. kanill, kókosmjöl, rúsínur eða aðrir þurrkaðir ávextir, heimalagað eplamauk eða múslí. Við hvetjum börnin til að smakka! Boðið er upp á Lýsi. Matseðill leikskólans er inni á Völu.

Hvíld

Öll börn á Akraseli fara í hvíld eftir hádegismat. Á Hömrum byrjar hvíldin kl. 12:00 og lýkur kl. 12.30. Í hvíldinni er lesin bók fyrir börnin eða þau hlusta á sögu. Börnin koma með teppi að heiman. Í hvíldinni fá börnin að kúra með Blæ sem er bangsi tengdur verkefninu vinátta.

Hreinlætisvenjur

Við munum halda áfram að æfa sjálfstæði barnanna á salerni og almennar hreinlætisvenjur, eins og handþvott o.fl.

Tannverndarvika

Embætti landlæknis og Tannlæknafélags Íslands standa fyrir tannverndarviku á hverju ári. Í þessari viku leggjum við áherslu á fræðslu, umfjöllun og viðburði sem tengjast tönnum og tannheilsu. Tannverndarvikan er m.a. helguð því að hvetja foreldra til að bursta tennur barna sinna að lágmarki tvisvar sinnum á dag í tvær mínútur. Börn þurfa aðstoð við tannburstun til 10 ára aldurs. Tannverndarvikan er í mars ár hvert. Ýmislegt fræðsluefni er aðgengilegt á vefsíðu embættis landlæknis í tannverndarvikunni.

Ávaxtar- og grænmetisvika

Á haustönn höldum við grænmetisviku og erum með ávaxtarviku á vorönn. Þá koma börnin með eitt grænmeti eða einn ávöxt í leikskólann daglega, við skoðum grænmetið/ávextina og höldum svo grænmetist-/ávaxtaveislu. Við gerum líka ýmsar tilraunir með ávaxta og grænmetissteina.

Sköpun

Sköpun er að uppgötva, njóta, vekja áhuga á, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Í Akraseli er unnið með opinn og endurnýtanlegan efnivið í leik og tilraunir. Skapandi starf felur í sér ferli, gleði, tjáningu og sjálfsprottið nám sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá notið sín. Sköpun fléttast inn í alla grunnþætti leikskólans þar sem börnin fá notið fjölbreytileika og áskoranna til frekari þroska.

Listsköpun

Listsköpun er mikilvægur þáttur í þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, þeirri gleði og tjáningu sem því fylgir, útkoman sjálf er ekki það sem skiptir mestu máli. Lögð skal áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið, geri tilraunir og þjálfði upp færni sem leiðir af sér að börnin verði sjálfstæð og viss um eigin getu.

Vökudagaverkefni

Börnin munu sýna verk sín á Vökudögum, verk þeirra eru sýnd í Kallabakaríi.

Hrekkjavökuverkefni

Hefð hefur skapast fyrir því á Akraseli að halda upp á hrekkjavökuna. Nokkrum dögum fyrir hrekkjavökuna byrjum við að undirbúa okkur fyrir sjálfan daginn. Börnin útbúa skraut og skreyta deildina sína og á Hrekkjavökudaginn mæta börnin í búningum og gera sér glaðan dag.

Jólaverkstæði

Við hlustum á raddir og skoðanir barnanna í tengslum við jólagjöf þeirra til foreldra. Haldinn er fundur með hverju og einu barni og það spurt hvað það vilji gefa mömmu og pabba í jólagjöf og hvernig þau ætli að gera það og hvaða efnivið þau sjá fyrir sér að nota. Börnin vinna svo jólagjöfina sjálf með aðstoð kennara. Oft breytist hugmyndin einhvers staðar í ferlinu og það er bara skemmtilegt. Allt er þetta skráð niður og myndað. Skráningar á vinnunni við jólagjafirnar gefa okkur einstakt tækifæri til að fylgjast með ferli hvers barns, frá því að það fær hugmynd og þar til hugmyndin er fullunnin.

Öskudagsverkefni

Elstu börn leikskólans útbúa sinn eigin búning fyrir öskudaginn. Börnin koma með bol að heiman sem ekki er í notkun lengur og breyta honum í þann búning sem þau vilja. Haldinn er fundur með hverju og einu barni og það spurt hvað það vilji vera á öskudaginn. Börnin vinna svo búninginn sinn sjálf með aðstoð kennara. Oft breytist hugmyndin einhvers staðar í ferlinu og það er bara skemmtilegt. Allt er þetta skráð niður og myndað.

Hagnýtar upplýsingar

Fataherbergi

Við ætlum að leggja áherslu á að gera börnin enn sjálfstæðari í fataherberginu. Efla þau í að klæða sig sjálf úr og í. Þau æfa sig einnig í að ganga frá fötunum sínum í hólfín sín og ganga snyrtilega um fataherbergið. *Mikilvægt er að:*

- Merkja föt og skó/stígvél barnanna vel
- Hafa nóg af aukafötum í kassanum og fylgjast með hvort þurfi að fylla á þá.
- Ganga þannig frá hólfí barnsins að það geti gengið um það sjálft, hengja öll föt upp og EKKI geyma stóra poka undir eða upp á kassa.
- Tæma allt úr hólfum á föstudögum

Börnin þurfa að hafa eftirfarandi í hólfínu sínu

- 2 húfur (1 lambhúshettu og 1 léttari húfu)
- 2-3 pör af vettlingum (fingravettlingar mega vera heima yfir köldustu mánuðina)
- 1 par af ullarsokkum
- 1 stk hálskragi eða buff
- 1 stk flís eða ullarpeysa
- 1 stk flís eða ullarbuxur
- 1 stk regnbuxur
- 1 stk regnjakki
- 1 stk úlpa
- 1 stk kuldagalli (yfir veturinn)

- 1 par gúmmístígvél
- 1 par strigaskór (ekki yfir veturinn)
- 1 par kuldaskór (yfir veturinn)

Aukafatakassinn þarf að innihalda eftirfarandi:

- 3 pör sokkar
- 2 nærbuxur
- 2 buxur
- 1 bolur/nærbolur
- 1 peysa/langermabolur

Ef börnin fara heim með blaut föt í poka þarf mjög líklega að fylla á aukafatakassann. Passa að fötin sem eru í aukafatakassanum séu ekki of lítil.

Veikindi

Það er gert ráð fyrir að börnin taki þátt í öllu starfi leikskólans úti sem inni. Þess vegna getum við ekki tekið á móti veiku barni eða barni sem er að veikjast. Barn smitar mest þegar það er að veikjast. Útiveru er ekki sleppt nema í algjörum undantekningar tilvikum. En boðið er upp á styttri útiveru, síðust/síðastur út og fyrst/fyrstur inn. Í leikskóla er alltaf meiri hætta á smiti og útbreiðslu algengra umgangssjúkdóma. Ef barn veikist og fær hita, þarf það að dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa.

Leikföng að heiman

Leikföng að heiman eru ekki æskileg á leikskólanum (það er ágætis regla að geyma slíkt í bílnum). Það getur skapað spennu, keppni og erfiðleika á milli barnanna ef þau eru að koma með dót. Starfsmenn bera ekki ábyrgð á hlutum/leikföngum sem er komið með. Í leikskólanum er að finna ýmis leikföng, bæði hefðbundin og óhefðbundin og það er skemmtilegt og örvandi fyrir barnið að fá annan efnivið í leikskólanum en það fær heima.

Nokkur atriði að lokum

- Gefa sér tíma til að fara yfir óskilamuni
- Alltaf loka hliðinu inn í garðinn (muna líka að krækja lykkjunni á sinn stað) og alls ekki láta börnin opna hliðin sjálf!
- Tilkynna veikindi og frí í símanúmer leikskólans eða deildarinnar eða í völu
- Fylgja börnunum alla leið inn á deild
- Drepið á bílnum!! Við erum umhverfisvæn í Akraseli

Hlökkum til að vinna með börnunum ykkar í vetur og eiga ánægjulegt samstarf við ykkur foreldra.

Endurmat

Daglegt starf

Hvernig gekk að vinna með eftirfarandi þætti í daglegu starfi? Gefum einkun fyrir gæði stundanna og hvort stundirnar hafi yfirleitt verið á dagskrá samkvæmt dagskipulagi. Einkun frá 1-10

	Skipulag	Gæði		Skipulag	Gæði
Flæði/leikur	_____	_____	Lubbi	_____	_____
Myndlist	_____	_____	Stærðfræði	_____	_____
Ævintýraferðir	_____	_____	Jóga	_____	_____
Stelpu/stráka	_____	_____	Hvöld	_____	_____
Matartímar	_____	_____	Samverustundir	_____	_____
Lestur	_____	_____	útivera	_____	_____
Gönguferðir	_____	_____	Gefa 10	_____	_____
Blær	_____	_____	heimsmarkmið	_____	_____
Móttaka barna	_____	_____	að kveðja börn	_____	_____
Deildarfundir	_____	_____	Upplýsingaflæði	_____	_____
Molta með börnum	_____	_____	Ormavinna	_____	_____
Molta inni	_____	_____	Hræra í moltunni	_____	_____
Ræktun	_____	_____	Ávaxtavika	_____	_____
Tilraunir	_____	_____	Kostningar	_____	_____
Fara saman út með moltu				_____	_____
Bera moltu í garð sem áburð				_____	_____
Fylgjast með rotnun. Hvað breytist í mold og hvað ekki				_____	_____
Aðgengi að barnanna að verðlausum efnivið				_____	_____
Reglulega stöðvavinnufundi kennara, endurmeta vikuna og skipuleggja næstu				_____	_____
Frjálsara aðgengi að litum og blöðum				_____	_____

Athugasemdir: _____

Læsi:

Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu.

- | | | |
|--|---|--|
| <input type="checkbox"/> Nota tilfinningahugtök | <input type="checkbox"/> Bókaormur | <input type="checkbox"/> Orðspor |
| <input type="checkbox"/> Lestur í litlum hópum | <input type="checkbox"/> Lestur í stórum hópum | <input type="checkbox"/> Framhaldssögur |
| <input type="checkbox"/> Lubbahljóðin | <input type="checkbox"/> Söngur | <input type="checkbox"/> Samverustundir |
| <input type="checkbox"/> Spil | <input type="checkbox"/> Leikir | <input type="checkbox"/> Hlusta á sögur (cd) |
| <input type="checkbox"/> Tölvur / ipad | <input type="checkbox"/> Unnið með stafi og tölur | <input type="checkbox"/> Lesmál sýnilegt |
| <input type="checkbox"/> Val | <input type="checkbox"/> Hljóðfæragerð | <input type="checkbox"/> Sögugerð |
| <input type="checkbox"/> Ýtt undir lausnamiðaða hugsun | <input type="checkbox"/> Orðabækur | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> Ýtt undir jákvæð samskipti | | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> Kenna hvernig við erum vinir | | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> Gott aðgengi að hljóðfærum fyrir börnin | | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> Nöfn barna plöstuð og frjálst aðgengi að þeim | | <input type="checkbox"/> I _____ |

Athugasemdir:

Sjálfbærni:

Sjálfbærni felur í sér samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar.

Hvað var gert?

__ Börnin með í moltugerð

__ Endurvinna efnivið

__ Frágangur eftir mat

__ Tiltekt eftir leik

__ Vettvangsferðir um nágrennið

__ Skoða hringrás og lífbreytileika

__ Vinna meiri þemavinnu út frá umhverfismennt

_I _____

__ Veðurfræðingur

__ Setja sig í spor annarra

__ Ormavinna

__ Aðstoðarmenn í hádegi

__ Planta, rækta, borða

__ Bláfánaverkefni

_I _____

__ Sjálfshjálp í fataherb

__ Sjálfshjálp á salerni

__ Sjálfshjálp í matartíma

__ Efla umhverfisvitund

__ Orkusparnaður

_I _____

_I _____

_I _____

Athugasemdir:

Lýðræði og mannréttindi:

Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.

Hvað var gert?

- | | | |
|--|---|---|
| <input type="checkbox"/> Kenna tilitsemi | <input type="checkbox"/> Allir hafa rétt til að tjá sig | <input type="checkbox"/> Nemandi vikunnar |
| <input type="checkbox"/> 7 venjur fyrir Káta krakka | <input type="checkbox"/> Skoða íslenska fánann | <input type="checkbox"/> Skoða fána annarra landa |
| <input type="checkbox"/> Dagleg samskipti við foreldra | <input type="checkbox"/> Reglulegir tölvupóstar | <input type="checkbox"/> Foreldraviðtöl 2x á ári |
| <input type="checkbox"/> Komið fram við alla af virðingu | <input type="checkbox"/> Foreldrar alltaf velkomnir | <input type="checkbox"/> Flæði |
| <input type="checkbox"/> Leyfa börnunum að taka meiri þátt í að velja hvað á að gera og jafnvel móta skólastarfið með kosningu | | |
| <input type="checkbox"/> Tengja inn í orðræðu daglegs starfs tengingu við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna | | |
| <input type="checkbox"/> Myndir og fréttir reglulega á heimasíðu | <input type="checkbox"/> Reynum að koma til móts við óskir foreldra | |
| <input type="checkbox"/> Foreldraviðtöl með túlk ef þörf er á | <input type="checkbox"/> Vinnum með barnasáttmálann | |
| <input type="checkbox"/> Hvetja til frekari lýðræðislegra hugsunar og gagnrýnnar hugsunar | <input type="checkbox"/> Vinnum með Blæ | |
| <input type="checkbox"/> Ræðum um skyldur okkar og hegðun í samfélaginu | <input type="checkbox"/> Vinnum með heimsmarkmiðin | |
| <input type="checkbox"/> Leyfum börnum að kjósa um hvað á að vera í matinn | <input type="checkbox"/> I _____ | |
| <input type="checkbox"/> Leyfum börnunum að kjósa um hvert á að fara í gönguferð | <input type="checkbox"/> I _____ | |
| <input type="checkbox"/> Leyfum börnunum að kjósa um hvaða bók á að lesa | <input type="checkbox"/> I _____ | |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |

Athugasemdir:

Jafnrétti:

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Hvað var gert?

- | | |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á afmæli leikskólans | <input type="checkbox"/> Höldum upp á dag íslenskrar náttúru |
| <input type="checkbox"/> Evrópuvika/alþjóðavika | <input type="checkbox"/> Höldum upp á hrekkjavöku |
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á baráttudag gegn einelti (vinavika) | <input type="checkbox"/> Höldum upp á dag íslenskra tungu |
| <input type="checkbox"/> Rauðurdagur Jólaball, jólamatur og jólaleikrit | <input type="checkbox"/> höldum upp á þrettándann |
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á bóndadaginn | <input type="checkbox"/> Rafmagnslausdagur í tengslum við þorra |
| <input type="checkbox"/> Skoðum lífið í gamla daga í tengslum við þorra | <input type="checkbox"/> Höldum upp á alþjóðlega bangsadaginn |
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á dag leikskólans Regnbogadagur | <input type="checkbox"/> Höldum upp á Konudaginn |
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á bolludaginn | <input type="checkbox"/> Höldum upp á Sprengidaginn |
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á öskudaginn | <input type="checkbox"/> Fögnum Downsdeginum (ósamstæðir sokkar) |
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á dag umhverfisins | <input type="checkbox"/> Árgangamót |
| <input type="checkbox"/> Höldum upp á sjómannadaginn (blár dagur) | <input type="checkbox"/> Höldum upp á afmæli allra barna |
| <input type="checkbox"/> Flæði | <input type="checkbox"/> Opið á milli deilda |
| <input type="checkbox"/> Stelpu/stráka dagar | <input type="checkbox"/> Aðrir leikskólar heimsóttir |
| <input type="checkbox"/> Einstaklingar með sérþarfir fá þjónustu við hæfi | <input type="checkbox"/> Koma eins fram við öll börn |
| <input type="checkbox"/> Einstaklingsmiðaðnám | <input type="checkbox"/> Samstarfsverkefni við önnur lönd |
| <input type="checkbox"/> Samstarfsverkefni við aðra leikskóla | <input type="checkbox"/> Brúum bilið |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |

Athugasemdir:

Heilbrigði og velferð:

Heilbrigði og velferð byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan.

Hvað var gert?

- | | | |
|---|---|---|
| <input type="checkbox"/> Gönguferðir | <input type="checkbox"/> Hreyfing í sal | <input type="checkbox"/> Útivera daglega |
| <input type="checkbox"/> Hvíld daglega | <input type="checkbox"/> Samverustundir daglega | <input type="checkbox"/> Holt matarræði daglega |
| <input type="checkbox"/> Jóga | <input type="checkbox"/> Frjáls leikur daglega | <input type="checkbox"/> Lestur daglega |
| <input type="checkbox"/> Markviss útikennslu/ævintýraferðir | <input type="checkbox"/> Leggjum áherslu á handþvott | <input type="checkbox"/> Tannvernd |
| <input type="checkbox"/> Hjóladagur | <input type="checkbox"/> Íþróttatímar í íþróttahúsinu | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> Sjúkraþjálfun fyrir þá sem þurfa | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |

Athugasemdir:

Sköpun:

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.

Hvað var gert?

- | | | |
|--|--|--|
| <input type="checkbox"/> Stöðvavinna | <input type="checkbox"/> Söngur | <input type="checkbox"/> Söngsalur |
| <input type="checkbox"/> Endurnýtanlegur efniviður | <input type="checkbox"/> Opín efniviður | <input type="checkbox"/> Þema verkefni |
| <input type="checkbox"/> Fjölbreytt myndsköpunar verkefni | <input type="checkbox"/> Hlusta á ævintýri | <input type="checkbox"/> Spila á hljóðfæri |
| <input type="checkbox"/> Gott aðgengi að hljóðfærum | <input type="checkbox"/> Fjölbreytileiki í tónlistinni | <input type="checkbox"/> Vísindi |
| <input type="checkbox"/> Gott aðgengi að myndsköpunuarefni | <input type="checkbox"/> Leir | <input type="checkbox"/> Rannsaka |
| <input type="checkbox"/> Gott aðgengi að opnum og verðlausum efnivið | | <input type="checkbox"/> Náttúran inn |
| <input type="checkbox"/> Jólagjafagerð | <input type="checkbox"/> Vökudagaverkefni | <input type="checkbox"/> Hrekkjavökuverkefni |
| <input type="checkbox"/> Búningagerð fyrir öskudag | <input type="checkbox"/> Frjáls leikur barna | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |

Athugasemdir:

Samskipti á deild:

Hvernig voru samskipti milli kennara ?

Hvernig voru samskipti milli kennara og barna?

Hvernig voru samskipti milli kennara og foreldra?

Hvernig voru samskipti milli barnanna?

Athugasemdir

Verkefni sem unnið var að í vetur

- | | | |
|--|---|---|
| <input type="checkbox"/> Hverjir eru nágarnir mínir | <input type="checkbox"/> Nemandi vikunnar | <input type="checkbox"/> Vitaheimsókn |
| <input type="checkbox"/> Stofnanir Akraneskaupstaðar kynntar | <input type="checkbox"/> Slökkvistöðin heimsótt | <input type="checkbox"/> Höfði heimsóttur |
| <input type="checkbox"/> Lögreglustöðin heimsótt | <input type="checkbox"/> Akraneshöllin heimsótt | <input type="checkbox"/> Fjöliðjan heimsótt |
| <input type="checkbox"/> Aðrir leikskólar heimsóttir | <input type="checkbox"/> Banki (Moise) heimsóttur | <input type="checkbox"/> Bókasafnsferð |
| <input type="checkbox"/> Byggðasafnið heimsótt | <input type="checkbox"/> Grunnskólalóðir heimsóttar | <input type="checkbox"/> Brunaverðir |
| <input type="checkbox"/> Börnin vita í hvaða grunnskóla þau fara í | <input type="checkbox"/> Skólastjóraheimsókn | <input type="checkbox"/> Haustskóli |
| <input type="checkbox"/> Vorskóli | <input type="checkbox"/> húllumhæ með grunnsk | <input type="checkbox"/> Íþróttadagur |
| <input type="checkbox"/> Tónlistaskólinn heimsóttur | <input type="checkbox"/> Æfingar f. Útskrift | <input type="checkbox"/> Útskriftamyndband |
| <input type="checkbox"/> tónleikar dag ísl. Tungu | <input type="checkbox"/> Verk f. Sólblómaverk | <input type="checkbox"/> Útskriftarferð |
| <input type="checkbox"/> Útskrift | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |
| <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ | <input type="checkbox"/> I _____ |

Athugasemdir:

Náttúra og umhverfi

Kennum börnunum sjálfstæði í ferðum og förum oft á sömu staðina

__ Langisandur

__ Skógrækt

__ Safnarsvæðið

__ Tölum um umferðareglunar í ferðum

__ Lesum um innipúkann

__ I _____

Eitt af hlutverkum leikskólans er að miðla menningararfinum til barnanna og leggja grunn að skilningi þeirra á einkennum okkar sem þjóð. „Að fortíð skal hyggja er framlegð skal byggja” segir máltækið: Af því tilefni fræddum við börnin um eftirfarandi:

__ Hvernig voru jólin í gamladaga

__ Leikföng frá í gamla daga

__ Þorrann

__ Matur frá í gamla daga

__ I _____

__ I _____

Gaman væri að senda börn með heimaverkefni í sumarfríð sem unni væri með næsta haust. Td. Senda leikskóklanum póstkort þar sem þau eru í frí

Athugasemdir:
